

## Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2016

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2016 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>1</sup>

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 2,1 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 7,8 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nam 25,6 ma.kr. en þjónustujöfnuður<sup>2</sup> mældist hagstæður um 26,9 ma.kr. Jöfnuður frumpáttatekna var hagstæður um 5,4 ma.kr. en rekstrarframlög óhagstæð um 4,5 ma.kr. Áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á frumpáttatekjur eru hverfandi eftir samþykki nauðasamninga í desember síðastliðnum.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.215 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.347 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 131 ma.kr. eða sem nemur 5,9% af VLF. Nettóskuldir hækkuðu um 4 ma.kr. eða sem nemur 0,2% af VLF á milli ársfjórðunga. Á ársfjórðungnum komu til framkvæmda greiðslur innlánsstofnana í slitameðferð til kröfuhafa í formi reiðufjár en einnig voru gefin út skulda- og hlutabréf í félögunum sem afhent voru kröfuhöfunum. Í lok fjórðungsins nam skuld þeirra 598 ma.kr. sem síðar verður greidd eftir því sem sölu eigna vindur fram.<sup>3</sup> Verðmat á skuldum félaganna í lok árs 2015 hefur verið endurskoðað frá síðustu birtingu.<sup>4</sup> Skuldarnar eru nú á markaðsverði í stað nafnverðs áður. Þessi framsetning endurspeglar betur þá fjárhæð sem áætlað er að verði að endingu greidd til kröfuhafanna. Áhrif þessa er betri erlend staða þjóðarbúsins í lok ársins 2015 sem nemur 172 ma.kr. eða 8,8% af VLF.

Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 14 ma.kr. lakari erlendarar stöðu. Þar af lækkuðu erlendar eignir um 528 ma.kr. og skuldir um 514 ma.kr. vegna viðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins sem nam 103 ma.kr. á ársfjórðungnum.

---

<sup>1</sup> Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

<sup>2</sup> <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/utanrikisverslun/thjonustuvidskipti-vid-utlond-4-arsfjorðungur-2015-bradabirgdatolur/>

<sup>3</sup> Tekið skal fram að verðmat eignanna eins og það birtist í hagtölunum er nokkru hærra en skuldarnar. Matið á eignunum er frábrugðið því sem birt er í uppgjörum fyrirtækjanna sjálfra vegna mismunandi uppgjörsaðferða.

<sup>4</sup> Hér er um að ræða fjárhæð sem flokkuð er undir liðnum „aðrar skuldir ót.a.“ en allar skuldir félaganna eru nú skráðar undir verðbréfaskuld eftir útgáfu skuldabréfa á fyrsta ársfjórðungi 2016.

Gengi krónunnar lækkaði gagnvart helstu gjaldmiðlum eða að jafnaði um 1,6% samkvæmt gengisskráningarvog.

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)**

	<u>2015, Q1</u>	<u>2015, Q2</u>	<u>2015, Q3</u>	<u>2015, Q4</u>	<u>2016, Q1</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>7,8</b>	<b>27,7</b>	<b>50,3</b>	<b>7,8</b>	<b>2,1</b>
Vöruskiptajöfnuður	3,5	-12,6	-12,2	-14,2	-25,6
Þjónustujöfnuður	20,7	58,7	90,1	21,2	26,9
Jöfnuður frumþáttatekna	-11,8	-13,6	-2,3	6,0	5,4
Rekstrarframlög, nettó	-4,5	-4,7	-25,3	-5,3	-4,5
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,3</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-20,3</b>	<b>74,4</b>	<b>47,6</b>	<b>38,1</b>	<b>-13,9</b>
Bein fjárfesting	-126,9	59,4	-1,0	-0,8	-12,1
Verðbréf	-49,7	14,7	-70,4	609,7	77,1
Afleiður	-2,7	0,0	5,0	-0,1	0,7
Önnur fjárfesting	118,6	-27,0	105,5	-638,0	-177,8
Gjaldeyrisforði	40,5	27,3	8,5	67,2	98,3
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>-27,7</b>	<b>47,1</b>	<b>-2,4</b>	<b>30,8</b>	<b>-15,6</b>

**Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	<b>Staða í lok 2015, Q4</b>	<b>Fjármagns- jöfnuður</b>	<b>Gengis- og verðbreytingar</b>	<b>Aðrar breytingar</b>	<b>Staða í lok 2016, Q1</b>
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>4.790</b>	<b>-528</b>	<b>-147</b>	<b>101</b>	<b>4.215</b>
Bein fjárfesting	1.997	-23	-64	-2	1.908
Verðbréf	926	8	-41	0	893
Afleiður*	10	0	-1	0	10
Önnur fjárfesting	1.203	-612	-22	100	670
Gjaldeyrisforði	653	98	-20	3	735
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>4.917</b>	<b>-514</b>	<b>-45</b>	<b>-12</b>	<b>4.347</b>
Bein fjárfesting	2.020	-11	-46	146	2.109
Verðbréf	975	-69	3	667	1.577
Afleiður*	14	0	-2	0	12
Önnur fjárfesting	1.908	-434	1	-825	650
<b>Hrein staða við útlönd</b>	<b>-127</b>	<b>-14</b>	<b>-103</b>	<b>113</b>	<b>-131</b>
Hrein staða við útlönd, % af VLF	-5,7%	-0,6%	-4,6%	5,1%	-5,9%

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.